

Þann 9. september 2006 kl. 16:30 kom saman til fundar Félagsmála- og jafnréttisnefnd Reykhólahrepps. Mættir Þráinn Hjálmarsson, Áslaug B. Guttormsdóttir og Rebekka Eiríksdóttir. Óskar Steingrímsson reit fundargerð.

Dagskrá:

1. Kosning formanns.

Rebekka Eiríksdóttir kosin formaður.

2. Kosning varaformanns.

Áslaug Guttormsdóttir kosin varaformaður.

3. Umsókn um stuðning til handa nemanda í skóla utan Reykhólahrepps.

Afgreiðsla málsins bókuð í trúnaðarmálabók nefndarinnar.

4. Beiðni um liðveislu til handa nemanda í Reykhólaskóla.

Afgreiðsla málsins bókuð í trúnaðarmálabók nefndarinnar.

5. Til kynningar bréf dags. 17. ágúst 2006 frá Jafnréttisstofu um jafnréttisnefndir sveitarfélaga og beiðni þeirra um nöfn nefndarmanna og netföng þeirra.

6. Til kynningar bréf frá Jafnréttisstofu dags. 28. ágúst 2006 varðandi fræðslu- og samráðsfund fyrir nýskipaða jafnréttisnefndir sem verður í Hveragerði 21.-22. september 2006.

Fleira ekki bókað, fundi slitið kl. 18:05.

Rebekka Eiríksdóttir (sign)

Áslaug B. Guttormsdóttir (sign)

Þráinn Hjálmarsson (sign)

Óskar Steingrímsson (sign)